

Auglýsing

um skipun yfirsetukvennaumdæma í Húnavatnssýslu.

Samkvæmt ákvæðum sýslunefndanna í Húnavatnssýslu skulu yfirsetukvennaumdæmi vera þessi:

I. Austur-Húnavatnssýsla:

1. Vindhælishreppur inn að Höskuldsstöðum, og sitji yfirsetukonan um miðbik umdæmisins, ekki innar en á Hofi.
2. Innpartur Vindhælishrepps að Höskuldsstöðum, ásamt þeim bæ, og Engihlíðarhreppur að undanskildum Langadal, þ. e. Breiðavað og Móberg og bæirnir þar á milli. Yfirsetukonan sitji á Neðri-Mýrum eða þar í grend.
3. Bólstaðarhlíðarhreppur, og sitji yfirsetukonan í Bólstaðarhlíð eða þar í grend.
4. Torfulækjarhreppur ásamt Langadal frá Breiðavaði að Móbergi, með þeim bæjum. Yfirsetukonan sitji á Blönduósi.
5. Svinavatnshreppur, og sitji yfirsetukonan í Litladal eða þar í grend.
6. Sveinsstaða- og Áshreppur. Yfirsetukonan sitji á Helgavatni eða þar í grend.

II. Vestur-Húnavatnssýsla.

Í sýslu þessari skulu yfirsetukvennaumdæmin vera hin sömu og ákveðin eru í auglýsingu 18. júní 1901, I nr. 6—10.

Skrifstofu Húnavatnssýslu, 17. desbr. 1909.

Gísli Isleifsson.